

EFTIRLITSSKÝRSLA

Molta ehf. Eyjafjarðarsveit



Dags eftirlits	15.5.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Molta ehf.	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Þveráreyrum 1a	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600407-0580	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram við eftirlit og varðar ófullnægjandi skil á skráningum út frá starfsleyfi. Rekstraraðili hefur brugðist við og skilað inn þeim skráningum sem upp á vantaði, frávíkinu hefur verið lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn í jarðgerðarstöð Moltu ehf. við Þveráreyrar í Eyjafjarðardal. Starfsleyfi Moltu ehf. tekur til meðhöndlunar á lífrænum úrgangi og stoðefnum þar sem fer fram niðurbrot á lífrænum úrgangi við loftháðar aðstæður. Starfsleyfi heimilar móttöku á allt að 15.000 t af lífrænum úrgangi og stoðefnum á ári. Starfsleyfið var gefið út þann 18. nóvember 2020 og er gildistími starfsleyfis til 18. nóvember 2036.

Boðað umfang eftirlits var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð um starfsstöð og umgengni og aðkoma lóðar

1) Engin frávík eru útistandandi en síðast fór fram eftirlit hjá rekstraraðila árið 2022. Engar breytingar á rekstri eru fyrirhugaðar.

2) Farið var yfir starfsleyfið, var rekstraraðila bent á að breyting hefur verið gerð á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald með breytingareglugerð nr. 206/2025. Umhverfis- og orkustofnun sendi út erindi þess efnis fyrr á árinu 2025, en í eftirliti var fjallað um hvaða þýðingu það hefði fyrir rekstraraðila. Þá helst eru breytingar gagnvart rekstraraðila, breytingar vegna krafna um undirritun og að óskað er eftir að sýnt er fram á útreikninga sem byggja á hvort starfstöð sé undir eða yfir mörkum varðandi losun mengandi efna við skil (sbr. 2. gr. sömu reglugerðar).

3) Fyrirbyggjandi viðhaldi er sinnt á mengunarvarnarbúnaði, hann er skoðaður a.m.k. einu sinni á ári. Rekstraraðili skilaði inn skráningum samhliða skilum á Umhverfisupplýsingum þann 25. apríl sl. Vantaði inn hluta af skráningum sem ber að gera grein fyrir í skilum en upp á vantaði skráningar út frá tl. 4-7. sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi. Eftir eftirlit sendi rekstraraðili inn þær skráningar sem upp á vantaði. Í starfstöðinni eru tvö siturbeð. Eitt tekur við frárennsli frá verksmiðjuhúsi og annað tekur við sigvatni af plani. Innanhúss er brunnur sem tekur við afrennsli af hráefni og þrífvatni sem notað er til þrifa á framleiðslusvæði. Því vatni er veitt aftur inn í hringrás og safnað í stóran tank sem nýttur er til að væta innkomið hráefni fyrir rétt rakastig fyrir niðurbrotsferli í tromlum. Vatnið sem fer út eftir það ferli, fer í gegnum tveggja þrepa hreinsikerfi, fituskilju og siturbeð. Regnvatn og vatn sem gæti lekið úr moltu á malarplani fer í gegnum annað siturbeð. Rekstraraðili nefnir að lítið afrennsli sé af stöðinni og sigvatnsmyndun mjög lítil því gæti verið gagnlegt að framkvæma mælingar eftir úrkomutíð fremur en þegar þurrt hefur verið. Niðurstöður mælinga við sýnatökustaðinn merktann 0-punktur, gefa ekki tilefni til athugasemda. Eftirlitsaðili óskaði eftir yfirlitsmynd af frárennsliskerfi frá starfstöðinni og staðsetningu hreinsivirkja. Æskilegt væri að lýsa staðsetningu sýnatakna út frá slíkri yfirlitsmynd við skil á næstu mælingum.

4) Viðbragðsáætlun er til staðar bæði gagnvart óhöppum hjá viðskiptavinum sem koma inn á starfsstöðina sem og vegna innri óhappa út frá rekstrinum. Rekstraraðili heldur saman skrá yfir allar kvartanir sem berast rekstraraðila. Ein kvörtun barst árið 2024. Þjálfun starfsmanna fer fram með skilvirku kerfi. Stöðin notast við lífræn hreinsiefni, geymsla fer fram á verkstæði. Helsta notkun á olíu er hráolía sem geymd er í olíugeymi sem er árekstravarin. Gámur er á svæðinu þar sem smurólía er geymd, magnið sem er til staðar á hverjum tíma er mismunandi eftir

notkun. Glussaolía er geymd í tunnum sem geymdar eru í lekabyttum.

5) Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit setur Moltu ehf. í flokk C þar sem viðmiðið er eftirlit annað hvert ár.

6) Með fundarboði eftirlits fylgdu kynningarbréf á breyttu verklagi við eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar sem og leiðbeiningar um olfúskiljur. Breyting á verklagi við eftirlit hefur helst áhrif á rekstraraðila að því leiti að farið verði yfir skil ársyfirlits og umhverfisupplýsinga rekstraraðila árlega samhliða skilum óháð því hvort farið sé í vettvangseftirlit eftir niðurstöðu áhættumats.

7) Farið var í skoðunarferð um starfstöðina og farið yfir umfang starfseminnar og er ekki tilefni til athugasemda, umgengni er góð, sem og aðkoma lóðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.1. í starfsleyfi:	Skil á skráningum vegna innra eftirlits voru ófullnægjandi, vantaði inn skráningar á einstökum tölulíðum við skil ársyfirlits.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,


Halla Margrét Viðarsdóttir